

Frumvarp til laga

um

breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

1. gr.

Í stað fyrirsagnarinnar fyrir 2. kafla kosningalaganna frá 3. okt. 1903 komi ný fyrirsögn: »Kjördæmi og kjörstjórnir«. Í stað 7. greinar laganna komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

Landið skiftist í 7 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og kýs 6 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjar og Dyrhóla-, Hvamms- og Álftavershreppa af Vestur-Skaftafellssýslu; kýs 5 alþingismenn.

Priðja kjördæmi tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Fjórdá kjördæmi tekur yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu; kýs 4 alþingismenn.

Fimta kjördæmi tekur yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, svo og yfir Hvanneyrar, Þóroddsstaða og Svarfaðardalshreppa í Eyjafjarðarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjötta kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Vopnafjarðarhreppa í Norður-Múlasýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjöunda kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, vestur að Kúðaflióti, (Leiðvallar-, Skaftártungu-, Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppa) og kýs 4 alþingismenn.

2. gr.

Í stað 8. greinar kosningalaganna komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjösendum kjördæmisins. Oddvitar yfirkjörstjórna skulu vera: Í fyrsta kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; í öðru kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Árnessýslu; í þriðja kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; í fjórða kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði; í fimta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Húnavatnssýslu; í sjötta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Þingeyjarsýslu og í sjöunda kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Múlasýslu. — Í yfirkjörstjórn fyrsta kjördæmis kys bæjarstjórn Reykjavíkur og sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn hvor. Í hinum öðrum kjördæmum kjósa sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, sem í þeim eru, einn mann hver í yfirkjörstjórn, nema sýslunefndirnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Suður-Múlasýslu; en sýslunefndirnar í Vestur-Skaftafellssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu kjósa sinn yfirkjörstjórnarmanninn hver fyrir hvorn kjördæmishlutann í þeim sýslum.

Ef breyting verður á sýsluskipan, má með konungsúrskurði skipa fyrir um þær breytingar á skipun yfirkjörstjórna, er af því leiða.

Nú forfallast einhver hinna kjörnu manna í yfirkjörstjórn, eða yfirkjörstjórn verður af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, og kveður þá oddviti menn af kjösenda flokki í hin auðu sæti.

Yfirkjörstjórn tekur sjer skrifara, útreikningsmenn og aðstoðarmenn eftir þörfum við undirbúning og útsending kjörseðla og talning og útreikning atkvæða. Hún skal hafa gerðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, — móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þessháttar.

3. gr.

4. kafli kosningalaganna færast aftur fyrir 5. kafla, og breytast kafla-fyrirsagnir og greinatala eftir því.

Fyrir orðið: »kjörstjórnar« í fyrirsögn 5. kafla komi: yfirkjörstjórnar.

4. gr.

23. gr. kosningalaganna, er verður 19. gr., orðist svo:

Þeir, er gefa vilja kost á sjer til þingsetu, skulu gera það í framboðslista, er studdur sje meðmælum að minsta kosti 25 kjösenda í kjördæminu; skal sá listi vera afhentur oddvita yfirkjörstjórnar í síðasta lagi 4 vikum fyrir kjördag. Þó skal eigi neita lista viðtöku, þótt síðar komi, ef hann kemur áður en lokið er kjörstjórnarfundi þeim, er framboðslistar eru athugaðir.

Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn þingmannaefna, en kjósa skal alþingismenn í kjördæminu, en eigi mega þau fleiri vera. Þó er heimilt að jafnframt sje tilgreindur varamaður, er koma skuli á listann, ef einhver af þingmannaefnum hans deyr, tekur aftur framboð sitt eða missir kjör-gengi frá því listinn er afhentur, þangað til kosning fer fram.

Enginn má gefa kost á sjer í fleiri kjördæmum en einu. Brjótí nokkur á móti þessu, skal ógild sú kosning eða þær kosningar, er hann kann að verða fyrir.

Meðmælendur mega eigi vera fleiri en 35 á hverjum lista, og má enginn styðja nema einn lista sem meðmælandi. Brjótí nokkur móti þessu, strykast nafn hans út af hverjum þeim lista, sem hann hefur stutt nema þeim, er fyrst er afhentur.

Nöfn þingmannaefna og meðmælenda skulu vera svo greinilega táknuð með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á hverjir mennirnir eru. Á framboðslista skal vera yfirlýsing þingmannaefnanna um það, að þeir gefi kost á sjer við þær kosningar í því kjördæmi og engu öðru, sömuleiðis varamanns, ef nokkur er, og yfirlýsing meðmælenda um, að þeir mæli fram með kosningu þeirra manna, er listinn greinir, og eigi annara.

Þegar oddviti yfirkjörstjórnar tekur við framboðslista, skal hann athuga hann, og sjeu gallar á, skal hann þegar vekja athygli þess, er afhendir listann, á gallanum eða göllunum, og gefa kost á að leiðrjetta það, er þurfa þykir. Oddviti merkir listana hvern með sínum bókstaf (A, B, C, o. s. frv.) í rjettri röð, eftir því sem þeir koma, og draga listarnir síðan nafn af þeim bókstaf.

Skyldur er oddviti að gefa viðurkenningu fyrir móttöku framboðslista, að tilgreindri móttökustund og bókstaf þeim, er listanum hefir hlotnast. Sje komið með samrit af listanum, skal viðurkenningin á það rituð.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir yfirkjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, er kosnir eru.

5. gr.

24. gr. kosningalaganna, er verður 20. gr., orðist þannig:

Þingmannsefni og meðmælendur á hverjum lista velja sjer hvorir um sig umboðsmann úr sínum hóp, og skal tilgreina umboðsmenn þessa í framboðslista. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna og meðmælenda á framboðslista, rjettir umboðsmenn þeirra. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listanum viðvikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar. Svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum mönnum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða þeim fundarreglum, er kjörstjórnir setja, og bera þeir í öllum þessum gerðum ábyrgð fyrir misfellur sem opinberir sýslunarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

6. gr.

19. gr. kosningalaganna, er verður 21. gr., orðist þannig:

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja yfirkjörstjórnina til fundar fjórum vikum fyrir kjördag á sem hentugustum stað i kjördæminu, en í því efni ber sjerstaklega að taka tillit til þess, að til prentsmiðju náist sem greiðast, og skulu þá rannsakaðir framkomnir framboðslistar. Umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda skal gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist enn gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum enn gjörður kostur á að leiðrjetta þá, og má veita næturfrest í því skyni. Sjeu gallar, er kjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettil innan tilsetts frests, kveður kjörstjórnin upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast, og skal sá úrskurður bókaður í gjörðabókina. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af listanum, er rækur er gjör.

Sjeu eigi fleiri þingmannsefni í boði á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal þingmenn fyrir kjördæmið, þarf þar engin kosning fram að fara,

heldur lýsir yfirkjörstjórnin þingmannsefnin, sem löglegt framboð hafa, kosin, og gefur þeim þegar kjörbrjef.

Sjau aftur á móti þingmannsefni á framkomnum, gildum framboðslistum fleiri samtals en kjósa skal alþingismenn, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmið, og gjöra almenningi í kjördæminu kunnugt með uppfestum auglýsingum á fundarstað og á annan hentugan hátt, hverjir framboðslistar sjau í kjöri, að tilgreindum nöfnum þingmannsefna og bókstaf hvers lista.

7. gr.

20. gr. kosningalaganna, er verður 22. grein, orðist þannig:

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjau prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannsefnanna á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstryk til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á blaðið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannsefnanna á hverjum lista aðskilin með lárrjettum strykum; hæfilegt bil skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess stryks, sem takmarkar listann. Eigi skal prenta nöfn varamanna á kjörseðil, en eyða skal vera fyrir neðan nöfnin í hverri röð, sem nafn varamanns geti orðið sett í, ef til þarf að taka. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir N. kjördæmi Íslands 19 . . .«, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjau fullgjörðir fleiri seðlar, en þeir er sendir verða undirkjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aptur í sama brot, er þeir eru notaðir.

8. gr.

21. gr. kosningalaganna, er verður 23. gr. orðist þannig:

Eigi síðar en sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlar fullgjörðir. Áður en seðlarnir eru afgreiddir til undirkjörstjórna, athugar yfirkjörstjórn þá vandlega og ber saman við framboðslista. Hafi til þess tíma eitthvert þingmannsefni dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, skal setja á seðilinn nafn varamanns, ef tilnefndur hefur verið. Áður seðlarnir eru saman brotnir, skal yfirkjörstjórn setja stimpil sinn á efra framhorn hvers seðils, leturmegin. Hverri undirkjörstjórn skal senda jafnmarga seðla, sem kjósendur eru á kjörskrá í umdæmi hennar, og 10% framyfir. Utanum hverja sending skulu vera vandaðar vatnsheldar umbúðir, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Skal yfirkjörstjórn senda gagngjört með sendingar þessar til allra undirkjörstjórna í kjördæminu með hraðboða eða hraðboðum, nema svo atvikist, að pósthúsi falli fyrir kjördag til pósthúss innan kjörstaðarumdæmis, þá má senda sendinguna þangað með póstinum sem ábyrgðarsending. Ella skal sendingin afhent hlutaðeigandi hreppstjóra, og viðurkenning hans tekin fyrir afhendingunni. Geyma skal viðtakandi kjörseðlaböggul óopnaðan til kjör-

fundar. Brjóti nokkur heimildarlaust innsigli fyrir kjörseðlasending, eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar sektum, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

9. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgreinar í 22. gr. kosningalaganna, er verður 24. gr., orðist þannig:

Hverri undirkjörstjórn skulu send 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »gildir kjörseðlar«, á tvö þeirra: »ógildir kjörseðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

10. gr.

Í stað orðanna: »og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram« í niðurlagi 22. gr. kosningalaganna, sem verður 24. gr., komi: nokkur eintök af auglýsingu sinni um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, og skýrslu um það, hverjir varamenn hafi verið tilnefndir á hverjum framboðslista.

11. gr.

Í fyrri málsgrein 25. greinar kosningalaganna komi í stað orðanna: »tíundi dagur septembermánaðar«: tíundi dagur októbermánaðar.

12. gr.

Í 28. gr. kosningalaganna komi í stað orðanna: »Með kössunum skal og senda — til yfirkjörstjórnar« í enda fyrri málsgreinar, svolátandi ákvæði:

Ennfremur skal láta búa til og senda yfirkjörstjórnnum innsigli og stimpla handa þeim, svo og nægilega tölu stimpla og stimpiláhalda handa undirkjörstjórn-um, og skulu stimplar þessir vera nákvæmlega af sömu gerð fyrir alla kjörstaði í hverju kjördæmi.

Í stað orðsins »poka« í síðari málsgrein 28. greinar komi: stimpla.

13. gr.

Aftan við 29. gr. kosningalaganna bætist:

Áður kosningarathöfn byrjar, geta umboðsmenn lista eða staðgenglar þeirra krafist þess, að nafn varamanns sje sett á kjörseðil, svo framarlega sem sýnd eru nægileg skilríki fyrir því, að einhver þingmannsefna, er á kjörseðli standa, hafi dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, enda hafi varamaður verið tilgreindur í framboðslistanum, og skæl þá gera fundarhlje þegar eftir að seðlaböggull hefur opnaður verið, til þess að bæta nafninu í eyðu þá, sem til þess er ætluð. Á kjörfundi mega engin ræðuhöld fara fram. Auglýsing yfirkjörstjórnar um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, skal vera uppfest til sýnis bæði inni í kjörherbergi og úti við á kjörstaðnum.

14. gr.

Í stað orðanna: »einn eða tveir umboðsmenn sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir« í 31. gr. kosningalaganna komi:

og umboðsmenn þingmannaefna og meðmælenda (sbr. 20. gr.).

15. gr.

Í stað orðanna: »þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra« og »umboðsmenn eða þingmannaefni« tvisvar í 32. gr. kosningalaganna komi: umboðsmenn.

16. gr.

35. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefan (afherbergið) að borði því, er þar stendur og gjörir þar stryk við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa fremst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kys, má hann stryka það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Strykið við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrykun nafns, ef svo ber undir, skal hann gera með bláum blýanti, sem kjörstjórnin leggur til; en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, rjettir seðilinn, þannig samanbrotinn, að oddvita kjörstjórnar, er setur kjörstjórnarstimpilinn aftan á seðilinn, á efra framhorn brotsins, og stingur kjósandi svo sjálfur seðlinum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

17. gr.

36. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Annar meðkjörstjórnin skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarjettar sins, en hinn meðkjörstjórnin skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir blindu, handarmeins eða af öðrum slíkum ástæðum, er kjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá úr kjörstjórninni, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Enginn úr kjörstjórninni nje nokkur annar, sem samkvæmt 31. gr. er staddur í kjörherberginu, má skýra frá því, sem hann í kjörherbergi kann að hafa orðið áskynja um, hvernig einhver kjósandi hafi kosið.

Enginn, sem í kjörherbergi er staddur, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur, gefa nokkrum kjósanda ráð, áminning eða bendingu um, hverjum lista hann skuli atkvæði gefa.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, þó eigi minna en 20 kr. sekt, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

18. gr.

38. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Kjósandi má ekki rita eða merkja neitt annað á kjörseðil, en það sem leyft er í 35. gr. Komi það fram við atkvæðatalninguna á eftir, að kjósandi hefir sett stryk við fleiri en einn listabókstaf, bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann stryk eða rispu eða önnur slik einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan, eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum, þá er seðillinn ógildur.

19. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 40. gr. kosningalaganna bætist:
nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

20. gr.

Í 41. grein kosningalaganna komi í stað orðanna »þingmannsefni og umboðsmenn« í fyrri málsgreininni og »þingmannaefni eða umboðsmanni« í síðari málsgrein:

»Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda« — og »umboðsmanni þingmannsefna eða meðmælenda.

21. gr.

42. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal kjörstjórnin taka kjörseðlana úr atkvæðakassanum og telja þá, án þess að opna þá eða skoða. Þá skal og telja saman eftir merkjum þeim, sem gerð hafa verið á kjörskrána og skrá þeirri, sem rituð er samkvæmt 36. gr., hve margir hafi neytt kosningarrjettar. Kjörseðlana alla, er í kassann voru lagðir, skal því næst leggja innan í umslag það, sem yfirkjörstjórn hefir til þess sent, loka því og innsigla vandlega; svo skal og leggja í umslag sjer alla seðla, er ógildir hafa orðið (sambr. 39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

22. gr.

Í stað orðanna: »Þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra« í 43. gr. kosningalaganna komi:

»umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda«.

23. gr.

Í 44. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »eða þingmannaefni« í fyrri málsgrein og »þingmannsefni eða« í síðari málsgrein.

24. gr.

45. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þegar búið er að loka umslögunum með kjörseðlum, ógildum seðlum og afgangsseðlum, skal leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið, sem yfirkjörstjórnin

hefir sent í því skyni, og innsigla það með innsigli kjörstjórnar. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja fyrir aðal-umslagið innsigli sín á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglin raskist. Síðan skal veftja kjörseðlabrjefið ásamt kjörbókinni í vatns-heldar umbúðir, binda vandlega utanum með snæri eða sterku seglgarni, og setja innsigli kjörstjórnar á bandið þar sem það er hnýtt saman eða sem næst hnútn-um. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja inn-sigli sín á bandið. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með böggul þennan gagngert til sýslumanns, eða bæjarfógeta ef í kaupstað er, og jafnskjótt er hann hefir tekið við kjörseðlasendingunum frá öllum kjörstöðum í lögsagnar-umdæminu, skal hann senda áreiðanlegan mann með sendingarnar allar gagngert til oddvita yfirkjörstjórnar, er greiðir kostnað við sendiferðina. Kjörseðla-sendingar skal jafnan geyma í eldtryggum járnskápum, er þær bíða hjá sýslu-manni eða bæjarfógeta eða oddvita yfirkjörstjórnar.

25. gr.

Í stað orðsins »atkvæðakassar« í 46. gr. kosningalaganna komi:
atkvæðasendingar.

26. gr.

47. gr. kosningalaganna orðist svo:

Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda hvers lista, sem í kjöri er, (sbr. 20. gr.) eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin í kjör-dæmi þeirra.

Sje ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir þingmannsefni og meðmælendur hvers lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

27. gr.

48. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Í viðurvist þessara manna opnar yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar frá hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasend-ing er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns öll kjörseðlaumslög eru tæmd. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir frá hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátinu, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem auðkendur hefir verið á kjörseðlinum; sýnir hann kjör-seðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum þingmannsefna og meðmælenda, og legg-ur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auð-kendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað töiu hinna auðkendu listabókstafa hvers um sig.

Nú er enginn listabókstafur auðkendur á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum framboðslistanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt strykið vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Komi öllum, bæði yfirkjörstjórn, og fulltrúum þingmannsefna og fram-bjóðenda saman um, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja.

Verði ágreiningur milli kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða. Nú heldur fulltrúi þingmannsefna eða meðmælandi því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjórn eða meiri hluti hennar telur ógilda, sje gildir, og skal þá leggja þá seðla í sjerstakt umslag. Haldi hins vegar fulltrúi þingmannsefna eða meðmælanda því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjóri telur gilda, sjeu ógildir, skal auðkenna þá með stimpli yfirkjörstjórnar, og taka þá frá eftir á og leggja í sjerstakt umslag að lokinni samtaling atkvæða.

Nú eru allir kjörseðlar teknir upp úr ílátinu, og skal þá telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. — Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samlagða tölu samtöluseðla þeirra frá kjörstöðunum, sem um ræðir í 43. gr. Ef skakkar á tölunni, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem kunna að hafa orðið.

Til þess að finna hve mörg þingmannsefni hafa náð kosningu af hverjum framboðslista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung, o. s. frv., eptir því hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern framboðslista. Síðan skal marka hæstu útkomutölnurnar, jafnmargar og kjósa á alþingismenn, og fær hver framboðslisti jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera þingmenn eftir útkomutölum, skal taka það, er hann vantar, af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefur.

Til þess að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum framboðslista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á framboðslista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannsefna, sem standa á þeim framboðslista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fulltrúum þingmannsefna og meðmælanda, og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær eitt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan tvö er mörkuð við, fær $\frac{1}{2}$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni eða talan 3 mörkuð við, fær $\frac{1}{3}$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölnurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum framboðslista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strykast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur eru kosnir, svo margir af hverjum framboðslista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir yfirkjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir, og lýsir því jafnframt yfir, hverjir standi næstir að atkvæðum á hverjum lista, sem fulltrúa hefir hlotið. Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn framboðslista rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landsstjórninni eptirrit af gjörðabók sinni

viðvikjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

28. gr.

49. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Ef jöfn verða atkvæði lista eða þingmannaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Yfirkjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

29. gr.

Í 52. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »atkvæðakassa og önnur« í fyrri málslið greinarinnar, og í síðari málslið komi í stað orðanna: »þingmannsefnum eða umboðsmönnum þeirra«: umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda.

30. gr.

Í 53. gr. kosningalaganna falli burt í fyrstu línu orðið: »þann«.

31. gr.

Fyrsta málsgrein 54. greinar kosningalaganna orðist svo:

Nú deyr þingmaður, leggur niður þingmensku eða missir kjörgengi eða kosning hans er úr gildi feld af alþingi af ástæðum, sem ekki hagma gildi kosningargjörðarinnar í heild sinni, og skal þá yfirkjörstjórn kveðja þingsetu þann mann, er næsta hafði atkvæðatölu á þeim framboðslista, sem hinn fráfarri þingmaður hlaut kosning á, og gefa honum kjörbrjef. Sje enginn eftir á þeim framboðslista, skal aukakosning fram fara. — Verði kosningargjörð i heild sinni ógild, skal uppkosning fram fara.

Þegar uppkosning eða aukakosning á að fara fram, skal stjórnarráðið fyrirskipa kosning svo fljótt sem því verður viðkomið eða þurfa þykir. Má stjórnarráðið þá, ef þörf þykir, stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum; skal auglýsa fyrirskipunina í B-deild stjórnartíðindanna og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum gögn þau, er lög þessi ákveða.

32. gr.

57. gr. kosningalaganna orðist svo:

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn fá í fæðispeninga 4 kr. fyrir dag hvern, er þeir vegna kosningarinnar verða að vera frá heimilum sínum, og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Þennan kostnað, svo og kostnað við pappírskaup, prentun og skriftir yfirkjörstjórnar, aðstoð við talning og útreikning atkvæða, sendiferðir, húsnæði o. fl., skal greiða af sýslusjóðum og bæjarsjóðum hjeraða þeirra, sem í kjördæminu eru, hlutfallslega eptir tölu kjósenda í hverri sýslu, kaupstað eða sýslu-

hluta, sem í kjördæminu er. Verði ágreiningur um upphæð kostnaðar eða skifting hans, sker stjórnarráðið úr.

Allan kostnað við undirkjörstjórnir, þar á meðal 4 kr. á dag til kjörstjórnanna fyrir fæði og ferðakostnað þá daga, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, og kostnað við sendiferðir með kjörseðla innansýslu skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

33. gr.

Síðari málsgrein 59. greinar kosningalaganna falli burt.

34. gr.

Í stað orðsins »atkvæðahylkið« í fyrri málsgrein 61. greinar kosningalaganna komi: atkvæðakassann, eða áður en kjörseðlar eru afgreiddir til yfirkjörstjórnar. Aftan við 61. gr. kosningalaganna bætist: Sömu hegning varðar, ef kjörsendingar eru heimildarlaust opnaðar, úr þeim tekið eða í þær látið, eða þær eru ónýttar eða undan skotið, svo að þær komist eigi til yfirkjörstjórnar í tæka tíð.

35. gr.

Aftan við 62. gr. kosningalaganna bætist:

Brot þau, er um ræðir í þessari og undanfarandi grein, sæta sakamálsmeðferð. Með önnur brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í landssjóð.

36. gr.

Orðin »18. og« í 63. gr. kosningalaganna falli burt.

37. gr.

»Ákvæði um stundarsakir« á eftir 63. gr. kosningalaganna falli burt. — Þar sem »landshöfðingi« er nefndur í kosningalögnum, og þessu er ekki þegar breytt í lögum þessum, skal setja í staðinn: stjórnarráðið, (stjórnarráðinu, stjórnarráðsins) eftir því sem við á á hverjum stað og breytist orðalagið eftir því.

38. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa viðauka þá og breytingar á kosningalögnum frá 3. október 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um kosningar til alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir hinar almennu ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu, álist nægilegt, að vísa til athugasemdanna við frumvarp það til breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903, sem var lagt fyrir alþingi 1905. Þar er gjörð grein fyrir þörfinni á nýrri kjördæmaskipan, misrjetti því, sem nú á sjer stað milli hinna einstöku kjördæma, að því er snertir fulltrúamagn í samanburði við fólksfjölda og kjósendatölu, svo og óskum þeim og áskorunum, sem komið hafa fram á alþingi um, að bót yrði á þessu ráðin. Þar er og skýrt frá tillögum hjeradsstjórnanna út af þingsályktun neðri deildar 1902 um breytingar á kjördæmaskipan, og loks eru þar færðar ástæður fyrir tillögu stjórnarinnar um að lögleiða hlutfallskosning við kosningar til alþingis, og í því skyni skifta landinu í fá, stór kjördæmi, er kjósi 4—6 fulltrúa hvert.

Eins og sjest á frumvarpsástæðunum 1905, bjóst stjórnin ekki meir en svo við því, að frumvarpið gæti orðið útrætt á þinginu 1905, af því að nýmæli þetta hafði þá svo lítinn undirbúning fengið, enda ekki fyrirsjáanlegt, að ný kjördæmaskipan kæmi til framkvæmdar fyr en árið 1908. Það kom og fram, að því fór svo fjarri, að frumvarpið yrði útrætt, að það kom ekki einu sinni til atkvæðagreiðslu í þeirri deildinni, sem það var lagt fyrir. En í nefndaráli þvi um málið, sem kom fram seint á þinginu, lætur nefndin í ljósi, að hún játi stefnu frumvarpsins rjettláta, jafnvel þótt nefndin gæti eigi ráðið til, að frumv. yrði samþykkt þá, og um það var nefndin stjórninni samdóma, að breyta þyrfti sem fyrst núgildandi kjördæmaskipun.

Það hefur því verið álitid sjálfsagt, að koma fram aftur með frumv. um nýja kjördæmaskipun á þessu þingi, og með því að stjórnin verður enn að álita, að talsverðir agnúar sjeu á því að skipta landinu niður í jöfn, einmenn kjördæmi, svo að vel fari til lengdar, en telur hins vegar hlutfallskosning í sem stærstum kjördæmum rjettlátasta, vænlegasta til þess að fullnægja eðlilegum kröfum hinna ýmsu skoðanaflokka um hæfilegt fulltrúamagn á þingi, og líklegasta til þess, að skapa gott og vel skipað þing, er sje sem næst því, að vera sönn mynd eða rjett ágrip af þjóðinni í heild sinni, þá er aftur farið fram á, að þessi rjettarbót sje í lög leidd, jafnvel þótt málið hafi eigi verið mikið rætt í blöðum nje á þjóðmálafundum hjer á landi síðan á síðasta þingi; en að því er kosninga-aðferðina snertir, hefur stjórnarráðið leitast við, að bæta úr þeim annmörkum, sem helstir þóttu vera á fyrirkomulaginu eftir frumvarpinu frá 1905, og er því frumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið, í verulegum atriðum ólíkt því frumvarpi, og að sumu leyti fyllra og skýrara.

Höfuðmótbára nefndarinnar gegn frumvarpinu 1905 var sú, að »hlutfallskosning byggji aðallega á því tvennu, að flokkaskifti sjeu skýr, og að kjósendur nái hæglega hver til annars«, en hvorugu þessu sje að heilsa hjer; flokkaskifting muni naumast vera yfirleitt svo rik hjá almenningi, að ætlandi sje, að kjósendur vilji kjósa þá menn, þótt þeim ókunnir sjeu, er flokksstjórn þeirra mundi til nefna, og samgönguæfiðleikarnir svo miklir, að torvelt væri fyrir menn að ná saman til þess að leita samkomulags um nauðsynlegan undirbúning kosninga. — Það er auðsætt, að þessar mótbáru hæfa ekki kjarna hlutfallskosninga yfir höfuð, hvorki hjer á landi nje annarsstaðar, heldur beinast þær að eins að því fyrirkomulagi hlutfallskosninga, sem frumvarpið 1905 tók upp. Þar var gjört ráð fyrir, að meiri eða minni flokkur kjósenda kæmi sjer fyrirfram saman um

Þingmannsefni, settu þau á framboðslista og ákvæðu röð þeirra á listanum; en kjósendur væru síðan bundnir við þá röð, er þannig væri fyrirfram ákveðin, svo að þeir einir gætu náð kosningu, er stæði nægilega framarlega á listanum, eftir atkvæðamagni því, er listanum hlotnaðist, i tiltölu við fjölda allra greiddra atkvæða. Þetta fyrirkomulag gjörir auðvitað ráð fyrir flokkssamtökum, nokkurn veginn föstu skipulagi og jafnvel flokksaga, er taki meira tillit til málefna en manna, og gegn þessari kosningaaðferð geta mótbárur nefndarinnar átt sjer talsverðan stað. En fyrirkomulag þetta er aðeins einn vegurinn til þess að ná markmiði hlutfallskosninganna; vegirnir eru fleiri til, þótt þessi vegur sje sá eini, sem hjer hefur verið kunnur til þessa, og sem fylgt hefur verið bæði við hlutfallskosningar á alþingi og við hlutfallskosningar til bæjarstjórna eftir gildandi lögum. Hlutfallskosningin sjálf byggir engan veginn á því, að flokkaskiftingin sje skýr nje að kjósendur nái hæglega hver til annars. Hún byggist á þeirri skoðun, að svo framarlega sem skoðanamunur eða flokkaskifting eigi sjer stað við kosningar, þá eigi að búa svo um, að fjölmennasti flokkurinn geti ekki algjörlega borið hina flokkana ofurliði, heldur fái aðeins þá tölu fulltrúa, sem honum ber eftir rjettri tiltölu, því að minni hlutarnir eigi líka rjett á því, að fá fulltrúa á þingi þjóðarinnar, eftir því kjósendamagni, sem hver kjörflokkur hefur í hvert skifti í samanburði við kjósendatöluna alla, og tölu fulltrúa þeirra, sem kjósa skal, hvort sem flokkaskiftingin er föst eða laus, og hvort sem kjósendur eiga hægt með að ná hver til annars eða ekki. Flestum mun verða að koma saman um, að þetta sje rjettlátt, og vandinn er þá aðeins sá, að velja hentugustu leiðir.

Til þess að koma í veg fyrir erfiðleika og agnúa, sem bæði nefndin 1905 og aðrir, sem hugsað hafa mál þetta, hafa óttast, er í þessu frumvarpi vikið frá frumv. 1905 í þessum aðalatriðum:

1. Þingmannsefnin sjálf þjóða sig fram á framboðslista, en framboðslistar eru ekki tilbúnir nje afhentir af hálfu kjósenda (meðmælenda). Þingmannsefni slá sjer saman um lista eftir vild, eftir þjóðmálastefnu sinni eða flokksstöðu, og fá til ákveðna tölu meðmælenda, sameiginlega fyrir listann.
2. Kjósendur eiga rjett á því að haga röð þingmannsefna á framboðslista eftir vild, með því að tölusetja nöfn þeirra á kjörseðli við kosningu, eftir því sem hver vill hafa röðina, og stryka út nöfn, er þeir geta ekki felt sig við.
3. Fái þingmannsefni atkvæði á fleiri framboðslistum en einum, teljast honum öll þau atkvæði eins og þau væru honum greidd á þeim lista, þar sem hann fær flest atkvæði.

Með þessu er girt fyrir það, að kjósendur þurfi að hafa fast flokksskipulag, fundarhöld eða fyrirhöfn til þess að koma sjer saman um framboðslista og raða þingmannsefnunum, og er þar með komið í veg fyrir misklíðir og sundurþykkju, er af því gæti risið. Þingmannsefnin útbúa sjálf framboð sitt eins og nú; þeir þurfa ekki að hafa meiri fyrirhöfn fyrir því að útvega sjer meðmælendur, heldur en eftir gildandi lögum, heldur þvert á móti miklu minni; eftir 23. gr. kosningalaganna á hvert þingmannsefni að hafa að minsta kosti 12 meðmælendur, og yrði það fyrir 5 einmenningskjördæmi 60 meðmælendur alls. Ef þessi kjördæmi verða að einu, og þessir menn slá sjer saman um einn lista, þarf hver ekki að útvega sjer nema 5 meðmælendur, því hverjum lista nægja 25 meðmælendur. Þingmannsefnin þurfa ekki að keppa um það, í hverri röð nöfn þeirra eigi að vera á listanum; það kemur fyrir eitt, því að kjósendur ráða röðinni, og

hún ákvarðast eigi fyrr en við kosninguna. Þeir þurfa að vísu að senda milli sín framboðslistann til undirskriftar, en kosningaundirbúningur af þeirra hálfu, viðtal við kjósendur, þarf eigi að verða mun erfiðara en nú, að undanteknum ferðum til þingmálafunda, ef þeim svo sýnist, því hjeradsfylgi sama og þeir mundu fá við einmenningskosning getur eins komið fram í tölusetning á kjörseðlum. Framboðslisti er gildur, þótt á honum standi færri nöfn, en kjósa á þingmenn, og getur því þingmannsefni komið fram framboði sínu, þótt eigi nái samkomulagi við önnur þingmannsefni um sameiginlegan framboðslista.

Kjósendur fá frjálssar hendur til þess að styðja fyrst og fremst þann, er þeir helst vildu kosið hafa af þeim, sem bjóða sig fram, og þeir hafa þó meira svigrúm til kjörfrelsis en nú, er fleiri er um að velja. Þeir þurfa alls ekki að beygja sig undir neitt valdboð flokksstjórnar í þessu efni, og eru að eins takmarkaðir af því, að þeir geta ekki kosið aðra en þá, sem bjóða sig fram, eins og eftir nógildandi lögum. Að þeir verða að einskorða sig við þann lista, sem skipaður er þingmannsefnum þeirrar stefnu eða þess flokks, sem kjósandi vill styðja, er engin þvingun, þegar kjósandi getur einskorðað atkvæði sitt við það eða þau þingmannsefni, er hann helst vill kjósa af þeim sem völ er á. Fyrirhöfn kjósenda við kosninguna, verður alveg hin sama og nú eftir kosningalögunum, með kjörstað í hverjum hreppi, og kosningin heldur að öllu leyti eðli og einkennum leynilegra kosninga, þótt tölur sjeu settar við nöfnin, því að þegar kjörseðlum úr svo stórum kiördæmum, yfirgripandi margar sýslur, er blandað vandlega saman, áður en nokkur kjörseðill er skoðaður, verður ómögulegt fyrir yfirkjörstjórn, þótt hún vildi, að þekkja rithönd hvers einstaks á tölustöfunum.

Loks er sjeð fyrir því, að þingmannsefni, sem fengið hefur sameiginleg atkvæði á fleiri framboðslistum, verði ekki af kosning, þótt aðrir fái fleiri atkvæði á hverjum lista, ef atkvæði þingmannsefnis samanlögð verða nógu mörg til þess að geta komið til greina í samanburði við aðra á einhverjum listanum.

Með þessu virðist vera bætt úr þeim erfiðleikum og anmörkum, sem þótt hafa vera á þeim hlutfallskosningaaðferðum, er hingað til hafa verið notaðar hjer; því fer svo fjarri, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið uppá, sje óframkvæmanlegt, að eigi verður sjeð, að kosningaundirbúningur nje kosningarathöfn yrði að neinum mun erfiðari, hvorki þingmannsefnum, kjósendum nje kjörstjórnnum, heldur en nú. Aðeins yrði verksvið yfirkjörstjórna miklu yfirgripsmeira og örðugra en nú. En þess ber að gæta, að yfirkjörstjórnir eftir frumvarpinu yrði að eins 7 að tölu á öllu landinu, en eru nú 25, svo að vansjeð er, hvort kostnaðurinn við þær mundi verða miklu meiri en kostnaður við yfirkjörstjórnir nú.

Hinsvegur er með þessu fyrirkomulagi unnið alt hið sama, eins og til var ætlast með frumv. 1905. Tala fulltrúa skiftist eftir þessu frumv. niður á hjeruðin í nokkurn veginn rjettu hlutfalli, við ibúatölu og kjósendatölu, og hinu mikla misrjetti, sem nú á sier stað, að því er snertir fulltrúamagn hinna einstöku kjördæma, væri af ljett. Með þessu fyrirkomulagi væri komið í veg fyrir þau rangindi, sem komið geta fyrir eftir nógildandi lögum, að minni hluti kjósenda ráði kosning tveggja þingmanna í tvímenningskjördæmunum, er einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum, og girt fyrir það, að nokkur flokkur innan hvers kjördæmis fengi meira fulltrúamagn, heldur en honum ber eftir rjetti tiltölu; jafnframt væri hverjum þeim skoðanaflokki, sem hefur nokkurt verulegt atkvæðamagn, trygt það, að geta komið að fulltrúa fyrir sig, eða fulltrúum

eftir hlutfalli rjettu. Þjóðkunnum mönnum, er hefðu talsvert fylgi viðsvegar, án þess að hafa nægilegt kjörfylgi í neinni einstakri sýslu eða kaupstað, væri opnaður vegur til að ná þingsetu, en hinsvegar eigi girt fyrir það, að hvert hjer- að geti fylgt sínu þingmannsefni, ef svo ber undir, og kjósendum látnar frjálsar hendur til þess að haga kosningu eftir persónulegu trausti og álitni á þingmannsefnum.

Út af þeirri athugasemd í nefndarálitinu 1905, að efasamt sje, að tími sje til kominn til þess að lögleiða hlutfallskosningar hjer yfirleitt, enda sjeu þær nálega hvergi notaðar við þjóðþingskosningar í öðrum löndum, skal þess getið, að hlutfallskosning (Andræ's-aðferð) hefur lengi verið notuð við kosningar til landsþingsins í Danmörk (endanlegu kosninguna), og að sjerstakar stjórn mála-ástæður, sem ekki eru til hjer á landi, og hjer skal ekki farið út í, valda því, að sú kosningaraðferð hefur ekki þótt tiltækileg við kosningar til þjóðþingsins enn sem komið er. Hlutfallskosningar til þjóðþinga erlendis ryðja sjer meira og meira til rúms. Síðan 1890 hefur hlutfallskosning til þinga verið lögleidd í ýmsum fylkjum í Schweitz; árið 1899 var lögleidd í Belgíu hlutfallskosning til beggja þinga, og árið sem leið, 20. júlí 1906, lögleiddu Finnar mjög frjálslegar hlutfallskosningar til landdagsins, eptir að þeir höfðu fengið stjórnfrælsi sitt. Í finnsku kosningalögunum eru samskonar ákvæði eins og í þessu frumvarpi um tölusetning nafna á kjörseðlum og annað fyrirkomulag kjörseðla, ákvörðun á fulltrúamagni hvers lista og útreikning á atkvæðamagni þingmannsefna á hverjum lista, án þess þó ákvæðin í þessu frumvarpi sjeu sniðin eftir þeim lögum sem fyrirmynd.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er nú skal greina:

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar eins og í stjórnarfrv. 1905, að öðru leyti en því, að bætt hefur verið aftan við 2. gr. nokkrum nánari ákvæðum um störf yfirkjörstjórna og aðstoð þeim til handa. Visast því til athugasemdanna við greinar þessar í frv. 1905 (Alþ.tið. A. bls. 176—178), þar á meðal til töflu þeirrar, er sýnir fulltrúa-hlutföll eftir fólksfjölda og kjósendatölu í kjördæmum þeim, sem 1. gr. telur. Jafnvel þótt tölurnar sjeu nú lítið eitt breyttar, eru hlutföllin hin sömu, eða því sem næst.

Um 3. gr.

Það er í alla staði eðlilegra, að ákvæðin um framboð þingmannsefna og það, sem þar að lýtur, komi á undan ákvæðunum um það, hvað yfirkjörstjórn eigi að giöra, eftir að framboðin eru til hennar komin, heldur en að setja þetta á undan og vísa aftur fyrir sig, eins og gert er í kosningalögunum frá 3. okt. 1903. Ákvæðin um aðgjörðir yfirkjörstjórnanna koma hjer sem eðlilegt áramhald af ákvæðunum um framboð og meðmælendur, og er þessvegna lagt til að kaflinn um framboð þingmannsefna og umboðsmenn (23.—24. gr.) verði 4. kafli, en kaflinn um undirbúning af hálfu yfirkjörstjórna (19.—22. gr.) verði 5. kafli, og greinatalan breytist eftir því.

Um 4. gr.

Hjer er gert ráð fyrir, að þingmannsefnin sjálf gangist fyrir tilbúningi og afhending framboðslista, og þarf eigi nema eitt eintak af honum, nema ósk-

að sje kvittanar á eftirrit af listanum, Framboðsfresturinn er rýmkaður þannig, að eigi má synja lista viðtöku, ef hann kemur áður en yfirkjörstörn hefur gjört fullnaðarráðstöfun um prentun kjörseðla.

Það nýmæli er í greininni, að tilnefna megi á hverjum framboðslista varamann, sem komi á listann, ef einhver þingmannsefnanna, sem bjóða sig fram á honum, deyr, tekur aftur framboð sitt eða missir kjörgengi áður en kosning fer fram. Það verður ekki betur sjeð, en að það sie hættulegur galli á nügildandi kosningalögum, að framboðsfresturinn er útrunninn svo löngum tíma (4 vikum) fyrir kjördag, og þó engin heimild til að taka við framboði eftir þann tíma ef þingmannsefni fellur úr sögunni fyrir kjördag. Af því gæti leitt hið mesta misrjetti. Ef til t. d. að eins væru 2 þingmannsefni í boði, annar hefði fylgi mikils meiri hluta, hinn að eins lítills minni hluta, og þingmannsefni meiri hlutans dæi eða gengi einhvernvegin frá eftir, að framboðsfrestur væri útrunninn, þá ætti eftir 19. gr. kosningalaganna þingmannsefni minni hlutans að vera sjálfkjörið, og meiri hlutinn að vera útilokaður í 6 ár frá því að fá nokkurn fulltrúa á þing. Að vísu gæti *alþing* væntanlega ónýtt kosning í þessu tilfelli, en það væri þó án beinnar lagaheimildar, og hefði mikil umsvif, tóf og kostnað i för með sjer, auk þess sem kjördæmi þá misti fulltrúa að minsta kosti á einu þingi. Hættan væri miklu minni með listakosninga-fyrirkomulaginu, sem hjer er stungið upp á, en samt hefur þótt rjett að hafa þann varnagla, sem að framan greinir. Yfirlýsing verður að vera frá varamanni samskonar og yfirlýsing þingmannsefnanna, og meðmælendur verða einnig til vara að mæla með honum.

Framboðslisti er hugsaður þannig:

Sýnishorn.

Framboðslisti.

Vjer undirritaðir lýsum því hjer með yfir, að vjer gefum kost á oss til þingmensku við alþingiskosningar þær i N. kjördæmi Íslands, sem fram eiga að fara 10. október næstkomandi, og vottar hver af oss fyrir sig, að vjer bjóðum oss ekki fram í neinu öðru kjördæmi við þessar kosningar.

..... dag mán. 19

Álfgeir Álfgeirsson, bóndi á Álfgeirsvöllum.

Ámundi Ámundason, bóndi á Ámundastöðum.

Árni Árnason, kaupmaður i Arnarnesi.

Ásgeir Ásgeirsson, prestur á Ásgeirsá.

Áskell Áskelsson, sýslumaður á Áskelsstöðum.

Sem umboðsmann höfum vjer valið oss Ásgeir Ásgeirsson.

Jeg undirskrifaður lýsi því yfir, að jeg er fús til að ganga inn i ofanritað framboð og gefa kost á mjer til þingsetu, ef einhver framanritaðra þingmannsefna gengur frá fyrir kjörfund, og hef jeg hvergi gefið kost á mjer til þingsetu utan þessa kjördæmis.

Atlastöðum mán. 19

Atli Atlason.

Vjer undirskrifaðir kjósendur í N. kjördæmi leggjum það til og mælum fram með því, að ofangreindir menn, Álfgeir Álfgeirsson, Ámundi Ámundason, Árni Arnason, Ásgeir Ásgeirsson og Áskell Áskelsson verði kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið við kosningar þær, er í hönd fara, og lýsum vjer því yfir, hver fyrir sig, að vjer gefum ekki öðrum framboðslista meðmæli vor.

Ef einhver ofangreindra manna kynni að falla frá, taka aftur framboð sitt eða missa kjörgengi fyrir kjörfund, leggjum vjer það til, að Atli bóndi Atlason á Atlastöðum verði settur á listann og hafður í kjöri í hans stað.

Sem umboðsmann höfum vjer valið oss Andrjes hreppstjóra Andrjesson í Andrjesey.

Í N. kjördæmi dag mán. 19

Ásgrímur Ásgrímsson, húismaður á Ásgrímsstöðum.

Andrjes Andrjesson, hreppstjóri á Andrjesey (o. s. frv., eigi færri en 25 og eigi fleiri en 35 kjósendur).

Til þess að koma í veg fyrir ógilda kosningu, og til þess að gjöra öllum sem auðveldast fyrir að bjóða sig fram, er oddvita yfirkjörstjórnar gjört að skyldu að vekja þegar athygli á göllum, sem á framboðslista kynnu að vera, og gefa tækifæri til að leiðrjetta það, er ábótavant þykir. Í 6. gr. er enn heimild til leiðrjettinga á framboðslistum og frestveitingar í því skyni.

Um 5. gr.

Hjer er það nýmæli, að umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda, sem í hvivetna er gefinn rjettur til að gæta hagsmuna lista þeirra, sem þeir eru fyrir, skuli og skyldir til að láta kjörstjórn í tje upplýsingar, er hún kynni að krefjast, og bera ábyrgð fyrir misfellur í öllum þeim gjörðum eins og opinberir sýslanarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

Um 6. gr.



Auk ýtarlegri ákvæða um rannsókn og lagfæring framboðslista, ef svo ber undir, og úrskurð um gildi þeirra, er hjer það ákvæði nýtt, að yfir-kjörstjórn skuli sem fyrst gjöra almenningi kunnugt, hverjir framboðslistar verði á kjörseðli, að tilgreindum nöfnum og bókstaf hvers lista, til þess að kjósendur geti rækilega áttað sig á því fyrir kjörfund, hvern lista þeir helst vilji aðhyllast og hvernig.

Um 7. gr.

Í stað þess að hafa aðeins bókstafi listanna á kjörseðli, eins og í frv. 1905, er hjer ákveðið, að allir framboðslistarnir (o: nöfn þingmannsefna) skuli standa á kjörseðlinum, með hæfilegu bili fyrir framan nöfnin, svo að kjósendur geti tölusett þau og þar með ráðið röð þeirra á kjörfundi.

Kjörseðillinn getur þannig orðið nokkuð stór, og er ætlast til þess, að yfirkjörstjórn brjóti kjörseðlana saman í sem hentugast brot, áður en hún sendir þá

undirkjörstjórnnum, Best álist, að þeir væru brotnir í einfalt sendibrjefsbrof, og endum smeygt saman, þannig:



en í frumvarpinu eru yfirkjörstjórnnum þó látnar frjálssar hendur um, hvernig þær haga þessu, að eins að svo sje frá broti gengið, að letrið sjáist ekki og auðvelt sje að leggja seðilinn aftur í sömu brof, þegar hann er notaður. Kjörseðlar eru hugsaðir svipaðir eftirfarandi sýnishorni:

Sýnishorn:

Kjörseðill í N. Kjördæmi Íslands 19...

A-listinn	B-listinn	C-listinn	D-listinn
3. Álfgeir Álfgeirsson	Benedikt Benediktss.	Eggert Eggertsson	Dagur Dagsson
2. Ámundi Ámundason	Bergur Bergsson	Eilífur Eilífsson	Ásgeir Ásgeirsson
1. Árni Árnason	Bjarni Bjarnason	Emil Emilsson	Bogi Bogason
5. Ásgeir Ásgeirsson	Björn Björnsson	Björn Björnsson	
4. Áskell Áskelsson	Bogi Bogason	Benedikt Benediktss.	

Um 8. gr.

Þessi ákvæði eru að aðalefni til samkvæm kosningalögunum. Hafi þingmannsefni gengið úr sögunni eftir að framboðsfrestur er útrunninn en áður en kjörseðlar eru fullgerðir og útsendir, er ætlast til að nafn varamanns, ef nokkur er tilgreindur, sje prentað í hans stað, sem þingmannsefnis, og er búist við, að ekki væri horft í það, þótt uppprentun þyrfti að eiga sjer stað. Gangi þingmannsefni frá, eftir að kjörseðlar eru út sendir, er ætlast til, að undirkjörstjórn setji nafn varamanns á seðilinn á kjörfundi, með skrift eða stimpli, og er hjer ákveðið, að nafn-eyða skuli vera við lista hvern á kjörseðli í þessu skyni.

Í enda greinarinnar er sett hegningarákvæði fyrir að brjóta innsigli fyrir kjörseðlasending eða hefta ferð hennar af ásettu ráði.

Um 9. gr.

Þegar um svo stór kjördæmi er að ræða, svo mikinn fjölda kjörstaða og svo miklar vegalengdir, verður ógjörningur að senda alla atkvæðakassana til yfirkjörstjórnar, enda er alt eins trygt að senda þá í vel innsigliðu umslagi í

vatnsheldum umbúðum. Hjer er því fyrirskipað, að senda undirkjörstjórn sjerstök umslög í þessu skyni, auk umslaganna fyrir ógilda seðla og afgangsseðla, og aðal- umslagsins, sem allir þessir seðlar eiga að sendast í.

Um 10. gr.

Auglýsingin á að festast upp á kjörstað, sbr. 13. gr. Skýrsla yfirkjör- stjórnar um varamenn er skilyrði fyrir því, að undirkjörstjórn geti tekið kröfu umboðsmanna um upptöku varamanns á kjörseðil, til greina.

Um 11. gr.

Viðsvegar um land hefur brytt á óánægju út af því, að hinn almenni kjördagur skuli vera ákveðinn 10. septembermánaðar, eins og gjört er í 25. gr. kosningalaganna. Sá tími er mörgum kjósendum einkar óþægilegur, heyannir þá oft hvað mestar, margir sjómenn eru fjarverandi, og erfiðismenn burtu frá heimilum sínum, ef til vill í öðrum kjördæmum, þar sem þeir ekki geta neytt kosningarjettar síns. Í októbermánuði eru aftur á móti flestir komnir til heimkynna sinna, og hvað færðir og veðráttu snertir á þeim tíma, eru engin vandkvæði á, þar sem kosningin fer fram í hreppi hverjum, enda eru hreppaskilafing í októbermánuði, og gæti sú samkoma sumstaðar verið haldin sama dag og kjörfundur, kjósendum til talsverðs hægðarauka og tímasparnaðar. Það er því lagt til, að kjördagur verði ákveðinn 10. október, þegar almennar, reglulegar kosningar fara fram.

Um 12. gr.

Til þess að tryggja það, að eigi sje skipt um seðla, er ákveðið að hver kjörseðill skuli vera stimplaður að innan með stimpli yfirkjörstjórnar og að utan — eftir að kosning er framkvæmd — með stimpli undirkjörstjórna. Stimplar undirkjörstjórna eiga að vera nákvæmlega eins fyrir alla kjörstaði í kjördæmi hverju, og er lagt til, að stimplar þessir sjeu útvegaðir af stjórninni á landssjóðs kostnað.

Um 13. gr.

Sbr. athugasemd við 8. gr.

Um 14. og 15. gr.

er ekkert að athuga.

Um 16. gr.

Það kynni að þykja athugavert við þessi fyrirmæli, að rithönd á tölustöfunum kynni að þekkjast, og leynd kosninganna þannig að skerðast. En þegar þess er gætt, að kjördæmin eru svo stór, og kjörstaðafjöldinn í hverju kjördæmi svo mikill, öllum seðlum úr kjördæminu blandað vandlega saman í nægilega stóru íláti áður nokkur seðill er skoðaður, og seðlarnir að eins skoðaðir af yfirkjörstjórn og þeim umboðsmönnum og starfsmönnum, sem þar eru viðstaddir og ekkert geta vitað um það, úr hverju hjeraði kjördæmis hver seðill er, þá verður að álíta, að hætta á þessu sje alveg hverfandi, og alls ekki meiri en hætta á því, að aftöluð merki geti orðið gefin með setning krossins við nöfnin eftir núgildandi ákvæðum, því krossunum má haga á ýmsan veg, hafa þverkrossa, skákrossa, aflanga eða breiða krossa, eða setja þá mismunandi utarlega, ofarlega eða neðarlega í hringinn ef kjósendur vilja svo við hafa. Það er jafnvel líklegt, að

kjósanda væri örðugra að gefa merki um kosning sína með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið uppá, bæði vegna stærðar kjördæmanna, og vegna þess að rithönd á tölustöfum, sem skrifaðir eru með feitum bláum blýanti, er lítt auðkennileg í sjálfu sjer, og væri það undir öllum kringumstæðum kjósendum sjálfum að kenna, ef þeir ljetu tölumerkin verða sjerkennileg á einhvern hátt; en ákvæðin um leynd kosninganna eru sett til þess, að hver kjósandi *geti* leynt atkvæðagreiðslu sinni, og sje ekki í neinum vandræðum með að komast undan áskorunum um að gefa kosning sína til kynna. Leynd kosninganna yrði og að því leyti meiri með þessu fyrirkomulagi heldur en nú, að tala meðmælenda verður minni, er aðeins 25 menn þarf með 5 þingmannsefnum á einum framboðslista, en mundi þurfa 60 eftir nógildandi lögum; en atkvæðagreiðslu meðmælenda má telja heyrum kunna. Þess má geta, að í finnsku kosningalögum frá 1906, sem hafa stranglega leynilegar kosningar, er þó jafnvel leyft að skrifa ný nöfn á kjörseðlana, ef kjósanda líka ekki nöfnin, sem þar eru. Ákvæðið um að kjósandi megi stryka nöfn út af framboðslista, er hann kys, er í samræmi við ákvæðið um, að framboðslisti sje gildur þótt á honum standi færri nöfn þingmannsefna, en kjósa á þingmenn. Enginn er skyldur til að kjósa fleiri en hann vill, eins og menn yfir höfuð eru ekki skyldir til að neyta kosningarjettar sins, frekar en þeir vilja. Sje eitt nafn strykað út á framboðslista, sem 5 nöfn standa á, missir það þingmannsefni, sem út er strykað, að eins $\frac{1}{5}$ atkvæðis við það, en hin nöfnin teljast í þeirri röð, sem tölusetning eða vöntun tölusetningar gefur til kynna, eins og ef hið útstrykaða nafn hefði ekki staðið á listanum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sama efnis og 10. gr. frumvarpsins 1905.

Um 18. gr.

Hjer eru talin upp þau tilfelli, er kjörseðill er skilyrðislaust ógildur. Auðvitað geta komið fyrir fleiri ógildingarástæður, en það sætir þá sjerstöku úrskurði í hverju einstöku tilfelli, og liggur undir áfrýjun til alþingis. Til þess er ætlast, að sem allra vægast sje tekið á göllum, og seðlar ekki gerðir ógildir, nema misfellan geri vilja kjósenda vafasaman, eða brjóti mjög bág við launungarskylduna.

Það er sjerstaklega tekið fram í 27. grein, að það skuli ekki út af fyrir sig varða ógilding kjörseðils, þótt enginn listabókstafur sje sjerstaklega merktur, ef það sjest á tölusetning við nöfn einhvers seðils, hvern listann kjósandi hefur aðhyllst.

Um 19. gr.

Í litlum hreppi gæti það vel komið fyrir, að allir kjósendur, sem á kjörskrá standa og kosningarrjett eiga, sjeu búnir að kjósa áður tveir tímar eru liðnir, og er þá ekki eftir neinu að biða frekar.

Um 20.—26. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga annað en það, að það hefur þótt hentugt að láta lögreglustjóra, hvern í sínu lögsagnarumdæmi, vera millimenn milli undirkjörstjórna og yfirkjörstjórna, að því er snertir sending á kjörseðlum eftir kosning. Ef til vill mætti á sama hátt ákveða, að yfirkjörstjórn skyldi senda lögreglustjórunum til útbýtingar meðal undirkjörstjórna seðlaböggla fyrir kjörfund, en með því mundi þó sparast minna, er yfirkjörstjórn sendir hraðboða í sýsluna hvort sem er,

Um 27, gr.

Hjer er ákveðið í samræmi við 48. gr. kosningalaganna, að jafnskjótt og hver atkvæðasending frá kjörstað er opnuð af yfirkjörstjórn, skuli kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og seðlarnir hristir vandlega saman í því, áður nokkur seðill er skoðaður. Til skýringar ákvæðum þessarar greinar, er eftirfarandi dæmi tilfært:

Í N-kjördæmi á að kjósa 5 alþingismenn, og eru fjórir framboðslistar á kjörseðli. Við fyrri talning (upplestur listabókstafa) kemur það í ljós, að atkvæði hafa fallið þannig, að af 1200 kjósendum, sem neytt hafa kosningarjettar, hafa 450 kosið (gert stryk við) A-listann, 360 B-listann, 250 C-listann, og 140 D-listann.

Til þess að finna, hve mörg þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum framboðslista, eru ritaðar upp útkomutölur listanna, þannig:

	A.-listi	B.-listi	C.-listi	D.-listi
1. Atkvæðamagn listans:	450	360	250	140
2. Helmingur atkvæðamagns	225	180	125	70
3. Þriðjungur atkvæðamagns	150	120	83 ¹ / ₃	46 ² / ₃
4. Fjórðungur atkvæðamagns	112 ¹ / ₂	90	62 ¹ / ₂	»
5. Fimmtungur atkvæðamagns	90	72	50	»
Samtals:	1027 ¹ / ₂	822	570 ⁵ / ₆	256 ² / ₃

og er strykað undir fimm hæstu tölurnar, 450, 360, 250, 225, og 180. Af þessum tölum á A-listinn tvær, B-listinn tvær og C-listinn eina, en D-listinn enga; sá listi fær því engan fulltrúa og kemur ekki frekar til greina, en hinir listarnir eru kosnir, og fá fulltrúa eins og tölurnar tilvísa, A-listinn og B-listinn sína tvo hvor, og C-listinn einn.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni á hverjum framboðslista hafa náð kosningu, er reiknað atkvæðamagn hvers einstaks þingmannsefnis, eftir því sæti í röðinni sem hver hefur fengið á hverjum kosnum framboðslista.

Fyrst er lesinn upp A-lista bunkinn, af því A-listinn hefur flest atkvæði. Á þeim lista standa nöfnin Álfgeir Álfgeirsson, Ámundi Ámundason, Árni Arnason, Ásgeir Ásgeirsson og Áskell Áskelsson. Á fyrsta seðli, sem upp er lesinn, hefur talan 1 verið sett við nafn Árna, 2 við Ámunda, 3 við Álfgeir, 4 við Áskel og 5 við Ásgeir; á næsta seðli stendur talan 1 við nafn Ásgeirs, og 2 við Áskel, en ekki fleiri tölumerki. Á þriðja seðli eru engin tölumerki sett við nöfnin, á fjórða seðli stendur talan 1 við Ámunda, 2 við Ásgeir, en Álfgeirs nafn er strykað út o. s. frv. Þetta marka kjörstjórnir á blað, í sjerstakan dálk fyrir hvert þingmannsefni, þannig:

Álfgeir	Ámundi	Árni	Ásgeir	Áskell
$\frac{1}{3}$	$\frac{1}{2}$	1	$\frac{1}{5}$	$\frac{1}{4}$
$\frac{1}{3}$	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{5}$	1	$\frac{1}{2}$
1	$\frac{1}{2}$	$\frac{1}{3}$	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{5}$
...	1	$\frac{1}{3}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{1}{4}$

o. s. frv.

Þegar búið er að lesa upp alla seðlana í A-lista buncanum, taka aðstoðarmenn kjörstjórnar við blöðunum og leggja saman tölurnar, og er umboðsmönnum listans heimilt að vera með í því verki; en kjörstjórnin tekur fyrir næsta bunka og svo koll af kolli. Þegar búið er að telja saman atkvæði á öllum þeim listum, sem fulltrúa eiga að fá eftir atkvæðamagni listanna, skal skrifa upp, undir hverjum listabókstaf, nafnaraðir listanna, að tilgreindri þeirri atkvæðatölu við hvert nafn, er fundist hefur við samtalinguna, þannig.

A-listinn	B-listinn	C-listinn
Álfgeir 102 $\frac{1}{2}$	Benedikt 145 [+ 105]	Eggert 130
Ámundi 301	Bergur 200	Eilifur 205
Árni 323	Bjarni 300	Emil 55
Ásgeir 209	[Björn 75]	Björn 75 $\frac{5}{6}$ (+ 75)
Áskell 91 $\frac{4}{5}$	Bogi 102	[Benedikt 105]
Samtals 1027 $\frac{8}{10}$	Samtals 822	Samtals 570 $\frac{5}{6}$

Af þessum atkvæðatölum sjest, að einungis eitt nafn hefur verið strykað út á A-lista á einum kjörseðli, því þar vantar $\frac{1}{5}$ á, að samtala atkvæðatalnanna komi saman við samtölu útkomutalnanna. En sje enginn útstrykaður, hlýtur þessum tölum að bera saman, því að þær eru þá báðar = $1 + \frac{1}{2} + \frac{1}{3} + \frac{1}{4} + \frac{1}{5}$ af atkvæðatölu þeirri, er listinn hefur hlotið. Með því að auðvelt er að hafa tölu á því, hve mörg nöfn eru útstrykuð í hverjum listabunka, er með þessum samanburði atkvæðatalna allra þingmannsefna á hverjum lista við samtölu útkomutalna listans hægt að sjá fljótlega, hvort samtaling atkvæðabrotanna er rjett.

Á A-listanum hafa þeir Árni og Ámundi fengið flest atkvæði (323 og 301). Á B-listanum hafa þeir Bjarni og Bergur flest atkvæði (300 og 200), og á C-listanum hefur Eilifur flest atkvæði (205). Þessir 5 menn ættu því að vera kosnir, ef sömu menn hafa ekki fengið atkvæði á fleiri listum. En nú hefur Benedikt auk sinna 145 atkvæða á B-listanum fengið 105 atkvæði á C-listanum, og hefur þannig samtals 250 atkvæði eða 50 atkvæðum fleira en Bergur, og er því hann kosinn, en hinn ekki. Næst-hæst atkvæði á eftir þeim, sem kosning hafa náð á hverjum lista hafa Ásgeir, Bergur og Eggert. En nú hefur Björn auk 75 $\frac{5}{6}$ atkvæða á C-listanum fengið 75 atkvæði á B-listanum, eða samtals 150 $\frac{5}{6}$ atkv. er teljast honum á C-listanum, og verður hann því varamaður þar, sbr. 31. gr. þessa frv., en ekki Eggert.

Þessar atkvæðatölur, sem hjer er talið, að hver hafi fengið, eru ekki atkvæði í venjulegum skilningi þessa orðs, heldur *samanburðartölur*, sem notaðar

eru til þess, að ákvarða fylgi hinna ýmsu þingmanna, eftir þeim sætum, sem kjósendur hafa skipað þeim í röðinni á hverjum lista. Þegar um það er að ræða, í hverri röð þingmennirnir sju kosnir, þ. e., hver sje fyrsti, annar, þriðji o. s. frv. þingmaður kjördæmisins, tjáir því eigi að fara beint eftir upphæð þessara atkvæðatalna. Eftir frumvarpsgreininni teljast þingmennirnir kosnir í þeirri röð, sem útkomutölur listanna til segja. En þetta er þannig að skilja: Þeir kjósendur, sem gefið hafa hverjum lista atkvæði, skoðast sem kjörflokkur, sem á rjett á fulltrúamagni, eftir fjölda þeirra kjósenda, sem bera listann uppi. Í því dæmi, sem hjer er tekið, er það ljóst, að A-listinn, sem borinn er uppi af fjölmennasta kjörflokknum, á rjett á, að fá fyrst fulltrúa, og spurningin er þá, hvort hann eða annarhvor hinna listanna, sem fulltrúa eiga að hljóta, eigi að fá þann næsta. Taki menn strax tvo fulltrúa fyrir A-listann, er hver þeirra að eins borinn uppi af 225 kjósendum, því allt atkvæðamagn listans er 450 atkvæðl. En B-listinn hefur 360 kjósendur; það er því ljóst, að áður en A-listinn fær annan fulltrúa til, verður B-listinn að fá fulltrúa, því hann hefur meira atkvæðamagn fyrir einn mann, en hinn fyrir tvo. B-listinn fær þannig annan fulltrúann. — C-listinn er borinn uppi af 250 kjósendum. Hann hefur því meira atkvæðamagn til eins fulltrúa en hvor um sig af hinum listunum til tveggja fulltrúa. Hann fær þannig þriðja þingmanninn. A-listinn hefur meira atkvæðamagn en hvor hinna til þess að bera tvo fulltrúa úr býtum og fær því fjórða þingmanninn. En fimta þingmanninn htýtur B-listinn að fá, því hann hefur meira atkvæðamagn fyrir tvo fulltrúa heldur en A-listinn fyrir þrjá eða C-listinn fyrir tvo. Röð hinna kosnu þingmanna verður því þannig;

1. Þingmaður N.-kjördæmis Árni Arnason (323).
2. Þingmaður —»— Bjarni Bjarnason (300).
3. Þingmaður —»— Eilífur Eilífsson (205).
4. Þingmaður —»— Ámundi Ámundason (301).
5. Þingmaður —»— Benedikt Benediktsson (250).

Deyi Árni eða Ámundi, leggi niður þingmennsku eða missi kjörgengi á kjörtímabilinu, er Ásgeir (209) kvaddur þingsetu; fyrir Bjarna eða Benedikt kæmi Bergur (200) og fyrir Elif kæmi Björn (150^{5/6}).

Það tjáir ekki að láta auka-atkvæði, sem þingmannsefni kynnu að hafa fengið á listum, sem ekki eiga að fá neinn fulltrúa eftir atkvæðamagni sínu, koma til greina, þegar af þeirri ástæðu, að þingmennirnir verða að teljast kosnir á þeim lista, sem þeir fá flest atkvæði á, og gæti þá svo farið, að þeir ættu að teljast kosnir á lista, sem engan fulltrúa á að fá, enda gæti það valdið hinum mesta glundroða, ef slíkir aukalistar, sem ekki hafa tiltölulegan atkvæðafjölda við að styðjast, ættu að geta gripið inn í atkvæðagreiðslu hinna kjörflokkanna og ruglað röð þeirra.

Það ákvæði, að ef ei standi svo mörg nöfn á lista, sem honum ber fulltrúar eftir atkvæðatölu, skuli taka það sem á vantar af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefur, er svo að skilja, að þá skuli taka nafn af þeim ótæmda lista, sem flestir hafa kosið.

Um 28. grein.

Í ákvæðum þessarar greinar er sama regla eins og gildir eftir kosningarlögnum. Reglan gildir auðvitað bæði um jafnt atkvæðamagn tveggja lista, er keppa hvor við annan og um jafnar útkomutölur og atkvæðatölur. Hafi þing-

mannsefni sömu atkvæðatölu á tveimur listum, ræður hlutkesti, á hverjum listanum hann skuli teljast kosinn.

Um 29. og 30. gr.

er ekkert að athuga.

Um 31. gr.

Til þess að koma sem mest í veg fyrir kostnað þann og umsvif, sem aukakosningar hafa í för með sjer, og girða fyrir það, að þingmannssæti standi auð, ef þingmanns missir við nálægt þingbyrjun eða um þingtímann, er það nýmæli tekið upp í þessari grein, að kveðja skuli þingsetu þann, er næst hafði atkvæði á þeim lista, sem þingmaður sá, er frá fer, var kosinn á. Það leiðir af eðli hlutfallskosninganna, að eigi tjáir að kveðja til mann af öðrum kjörflokki, og sje því enginn eftir á þeim framboðslista, verður aukakosning að fara fram. En það ætti sjaldan að geta komið fyrir, enda ætti ákvæði þetta að verða til þess, að takmarka tölu ófullkominna framboðslista.

Um 32. gr.

Þar sem um langar ferðir getur verið að ræða fyrir yfirkjörstjóra og langa burtuveru frá heimilum, þykir sjálfsagt að þeir fái ferðakostnað greiddan auk fæðispeninga. Skiftingin á kostnaðinum er eins og frv. 1905. Aftur á móti þykir nægilegt, að undirkjörstjórar, sem að eins ferðast innanhrepps fái 4 kr. á dag fyrir ferðakostnað og fæðispeninga samtals.

Um 33.—38. gr.

Í kosningalögunum eru engin ákvæði um það, hvernig fara skuli með mál út af brotum gegn þeim. Hjer er ákveðið, að brot þau, sem ræðir um í 61. og 62. gr. laganna, sæti sakamálsmeðferð, en önnur smærri brot skuli farið með sem opinber lögglumál.

Með því að erfitt mundi að finna hentuga skifting á sektum milli sýslu-sjóða og bæjarsjóða í kjördæmunum, er það lagt til, að allar sektir eftir kosningalögunum renni í landssjóð, enda er það sjálfsagt um þau mál, er sakamálsmeðferð sæta.